

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 58/2021**

**frá 5. febrúar 2021**

**um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1426 frá 7. október 2020 um samræmda notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 875–5 935 MHz til öryggistengdrar notkunar í skynvæddum flutningakerfum (ITS) og um niðurfellingu ákvörðunar 2008/671/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1426 fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/671/EB <sup>(2)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 5czf (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/671/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„**32020 D 1426**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1426 frá 7. október 2020 um samræmda notkun tíðnirófs fyrir þráðlausar sendingar á tíðnisviðinu 5 875–5 935 MHz til öryggistengdrar notkunar í skynvæddum flutningakerfum (ITS) og um niðurfellingu ákvörðunar 2008/671/EB (Stjtið. ESB L 328, 9.10.2020, bls. 19).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1426, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 328, 9.10.2020, bls. 19.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 220, 15.8.2008, bls. 24.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Clara Ganslandt***

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.